



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 7. fundur stjórnar KLÍ, 2013-2014

**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ

**Hvenær:** Þriðjudagur 10.10.2013 kl. 17:30

**Þátttakendur:** Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)  
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður  
Jón Grímsson (JG)  
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður  
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður

**Boðuð forföll:** Ingi Geir Sveinsson (IGS)  
Höskuldur Höskuldsson (HH)

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** HRS

**Helstu mál:** Fundargerð síðasta fundar, síðustu fundir, ýmis störf (aðstoð), Upphaf vetrar, önnur mál.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar:

Engar athugasemdir hafa verið gerðar við síðustu fundargerð og er hún samþykkt.

#### 2. Síðustu fundir:

ÞMP fór yfir helstu mál sem upp komu á formannafundi sem haldinn var þann 26. Sept. sl.

Einnig var farið yfir helstu mál sem upp komu á fundi landsliðsnefndar, en þar kom fram áhugi á að fá hingað erlendan þjálfar fyrir afrekshópa KLÍ sem myndi taka hópana á 3-4 daga námskeið í febrúar eða mars og svo aftur á styttra námskeið í ágúst. Stjórn tók vel í þessa hugmynd og mun ÞMP senda landsliðsnefnd álit stjórnar.

#### 3. Ýmis störf (aðstoð):

Rætt var um hvernig hægt er að efla upplýsingagjöf á heimasíðu KLÍ, þar sem vantað hefur uppá að úrslit móta skili sér þar inn. Fram kom hjá ÞMP að ýmsar upplýsingar hafi vantað til að hægt hafi verið að setja úrslit inná síðuna en nú séu leiðbeiningar komnar. Rætt var um hvernig við getum virkjað fleira fólk til að aðstoða við mótahald og var samþykkt að ræða við líklega aðila um hjálp.

#### 4. Upphaf vetrar:

Rætt var um þá hnökra sem komið hafa upp í starfinu í haust og hvaða leiðir við höfum til að laga það. Hluti af ástæðunni eru veikindi ÞMP og því hafa störf starfsmanns legið niðri á meðan. ÞMP mun vera frá vegna annarra starfa fyrir KLÍ næsta mánuð og mun HRS sjá um skráningu á skori á meðan.

#### 4. Önnur mál:

ÞMP fór yfir undirbúning á Evrópumótinu sem haldið verður hér á landi næsta haust og að hann fari á næsta Evrópumót til að kynna sér undirbúning fyrir það. GJK spurði um stöðuna á undirbúningi fyrir utandeildina og sagði ÞMP að þar væri allt klárt, að undanskildu uppsetningu á mótakerfinu í Keiluhöllinni og mun ÞMP klára það á næstunni.

Fundi slitið 18:15 – til næsta fundar verður boðað síðar.